

Mál nr. 4/2019

Ár 2019, þriðjudaginn 30. apríl var haldinn fundur í siðanefnd HRFÍ að Síðumúla 15, Reykjavík.

Fyrir var tekið mál nr. 4/2019

HRFÍ

gegn

X og Y

og kveðinn upp svohljóðandi úrskurður:

I. Málsmeðferð siðanefndar

Í erindi kæranda HRFÍ sem barst siðanefnd 30. janúar 2019 er farið fram á úrskurð siðanefndar vegna þess að kærðu X og Y hafi gerst brotleg við grundvallarreglur fyrir félagsmenn HRFÍ með því að para rakkann A við tíkina B án þess að rakkinn hafi verið með gilt augnvottorð. Kæran var send kærðu til umsagnar með bréfi dagsettu 5. febrúar 2018 og þeim gefinn frestur til að andmæla til 5. mars 2019. Þar sem tilmælum um andmæli var ekki svarað voru þau ítrekuð með bréfi dags. 7. mars 2019 og gefinn viðbótarfrestur til 14. mars 2019. Viðbótar svarfrestur var ekki heldur virtur og þar með taldi siðanefnd að útséð væri um andsvör af hálfu kærðu var ákveðið að taka málið til úrskurðar á grundvelli þeirra gagna sem fyrir lágu í málinu.

II. Helstu málsatvik og ágreiningsefni

Samkvæmt innsendu pörunarvottorði dagsettu 26. nóvember 2018 var rakkinn A paraður við tíkina B án þess að rakkinn hafi verið með gilt augnvottorð, skv. reglum um skráningu í ættbók HRFÍ þarf gilt augnvottorð að vera til staðar. Kærandi telur að með pöruninni hafi kærðu brotið gegn reglum um skráningu í ættbók HRFÍ. Hundarnir eru af kyninu Íslenskur fjárhundur og er rakkinn í eigu kærðu.

III. Forsendur

Samkvæmt grundvallarreglum fyrir félagsmenn í HRFÍ skulu félagsmenn er nota hunda sína til ræktunar vera trúir ræktunarstefnu HRFÍ og nota aðeins til ræktunar viðurkennda hunda og vera vel sé um það ræktunarmarkmið sem gildir fyrir viðkomandi kyn. Félagsmönnum ber ennfremur samkvæmt grein 2.6. að vera með gilt vottorð fyrir pörun um heilsufarsskoðun. Samkvæmt reglugerð um skráningu í ættbók, nánar tiltekið kafla VI. sem hefur að geyma reglur sérdeilda varðandi undaneldisdýr segir um tegundina Íslenskur Fjárhundur.

Íslenskur fjárhundur

Mjaðmamyndir: Undaneldisdýr skulu mynduð og niðurstaða kunn fyrir þörun. Augnskoðun: Vottorð má ekki vera eldra en 12 mánaða við þörun til þriggja ára aldurs undaneldishunda. Augnskoðun, sem framkvæmd er eftir 3 ára aldur, gildir í 26 mánuði. Niðurstöður þessara skoðana eiga að vera kunnar fyrir þörun. Augnskoðun, sem framkvæmd er eftir 7 ára aldur, gildir ævilangt að því tilskyldu að undaneldishundur hafi tvisvar áður verið augnskoðaður án athugasemda eða augnsjúkdóma (sbr. beiðni frá DÍF 15.01.2018). Greinist hundur með staðfesta arfgenga starblindu (katarakt) mun hann verða skráður í ræktunarbann Undanskilið ræktunarbanni er anterior polar cataract en para verður við hunda sem standast augnskoðun án athugasemda eða augnsjúkdóma (sbr. beiðni frá DÍF 09.09.2015). Greinist hundur með arfgenga vaxandi sjónuryrnun (PRA) fást hvolpar undan honum ekki ættbókarfærðir. Hundurinn, foreldrar og afkvæmi hans eru sett í ræktunarbann.

Í málinu liggur fyrir að þegar þörun fór fram hinn 25. júlí 2018 hafði rakkinn ekki gilt augnvottorð. Samkvæmt reglum sérdeilda er ljóst að við þörun hunda af kyninu Íslenskur fjárhundur skal liggja fyrir gilt augnvottorð. Augnvottorð er eitt þeirra vottorða sem áskilin eru um heilsufarsskoðun. Hafa kærðu því gerst brotleg við grein 2.6 í grundvallarreglum fyrir félagsmenn í HRFÍ.

Kærðu hafa ekki áður svo vitað sé gerst brotleg við reglur félagsins og er það mat nefndarinnar að hæfileg viðurlög við brotinu sé áminning.

IV. Niðurstaða

Kærðu X og Y teljast hafa gerst brotleg við grein 2.6 í grundvallarreglum fyrir félagsmenn HRFÍ.

Kærðu eru áminnt.

f.h. siðanefndar

Hilmar Sigurgíslason

Kristín Fjóla Fannberg

Kristín Sveinbjarnardóttir